

Hestamannafélagið Borgfirðingur

Fundargerð aðalfundar Hmf. Borgfirðings haldinn í Hjálmakletti 17.mars 2021.

1. Fundarsetning

Formaður setti fund kl. 20 og bauð fundarmenn velkomna – í upphafi fundar voru 37 fundarmenn mættir.

Þá kallaði hann upp Kolbrúnu Kötlu Halldórsdóttur en hún var kjörin íþróttamaður Borgfirðings fyrir frábæran árangur á árinu 2020. Haukur Bjarnason afhenti farandbikarinn en hann er gefinn af Skáneyjarbúinu.

Síðan minntist formaður látinna félaga og vottuðu fundarmenn hinum látnu virðingu sína með því að rísa úr sætum.

2. Kjör starfsmanna þingsins

Formaður bar upp tillögu um að Ingi Tryggvason yrði kjörinn fundarstjóri og að fundarritari yrði Kristján Gíslason. Var sú tillaga samþykkt samhljóða.

Ingi Tryggvason tók við stjórn fundarins og kynnti dagskrá hans. Engar athugasemdir bárust við boðun hans. Var þá gengið til dagskrár.

3. Skýrsla stjórnar

Ólafur Flosason formaður félagsins tók til máls og fór yfir starf félagsins frá síðasta aðalfundi, en komið er nærri fjóra mánuði fram yfir þann tíma sem lög kveða á um að haldinn sé aðalfundur. Er það vegna Covid19. Sjá fylgiskjal.

4. Reikningar félagsins

Fundarstjóri gaf þessi næst Halldóri Sigurkarlssyni orðið og kynnti hann reikningana. Tekjur alls kr. 9.248.509.- Gjöld samtals kr. 8.385.068.- Hagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði kr. 863.441.- Afskriftir og vextir samt. 1.017.043 kr. Rekstrarhalli ársins því kr. 153.602 kr.

5. Skýrslur nefnda

Umhverfisnefnd: Valdimar Reynisson kynnti verkefni sem framundan er og fengist hefur 450 þús. kr. styrkur til í gegn um verkefnið Kolvið. Brá hann upp mynd af grófri gróðursetningaráætlun sem unnin hefur verið af nefndinni.

Húsnefnd: Marteinn Valdimarsson formaður nefndarinnar kynnti starf nefndarinnar og verkefni framundan.

Reiðveganefnd: Guðlaugur Antonsson kynnti skýrslu nefndarinnar og þau verkefni sem nefndin hefur unnið að.

Ferðanefnd: Engin vorferð var farin og fella þurfti niður síðsumarsferð.

Fræðslunefnd: Baldur Pétursson formaður nefndarinnar kynnti starfið á síðasta ári og það sem búið er að skipuleggja til næstu mánaða.

Selás ehf. Hrefna Jónsdóttir formaður Seláss ehf. fór yfir málefni félagsins. Rekstrarvandi hefur verið viðvarandi undanfarin ár. Verið er að vinna að fjárhagslegri endurskipulagningu félagsins.

Fjórðungsmót Vesturlands: Eyþór Jón Gíslason nefndarmaður í fjórðungsmótsnefnd. Fór hann yfir það helsta sem þar er á döfinni.

6. Umræður um skýrslu stjórnar, nefnda og reikninga og afgreiðsla reikninga

Fundarstjóri gaf orðið laust um skýrslu stjórnar og nefnda.

Til máls tók Guðrún Fjeldsteð og þakkaði skýrslu stjórnar. Spurði hún út í mismun í reikningum hvað varðar reiðvegafé.

Marteinn Valdimarsson tók til máls og spurði út í málefni fjórðungsmóts og samning sem gerður hefur verið um svæðið. Mismunur á fjárhæðum eru vegna mismunandi uppgjörsreglna. Formaður og Eyþór Jón svöruðu fyrir samning við FM2021.

Fundarstjóri bar þessu næst ársreikning félagsins undir atkvæði og var hann samþykktur samhljóða.

7. Kynning á inngöngu nýrra félaga og úrsögnum

Kristján Gíslason kynnti úrsagnir úr félaginu og inngöngu. Úr félaginu á starfsárinu gengu 19 og í félagið 21, þar af 7 á aðalfundinum. Félagsmenn eru því alls 495.

8. Kosningar til stjórnar og nefnda

Fyrir fundinum lá tillaga uppstillingarnefndar um stjórnarmenn. Fyrst bar fundarstjóri upp tillögu um að Ólafur Flosason verði kjörinn formaður til til næsta aðalfundar – Var það samþykkt samhljóða með lófataki.

Fundarstjóri bar upp tillögu um að Haukur Bjarnason, Baldur Pétursson, Þóra Árnadóttir og Brynja Gná Bergmann Heiðarsdóttir verði kjörin í stjórn félagsins til tveggja ára. Var það samþykkt samhljóða með lófataki. Fyrir sitja í stjórn til loka starfsárs Halldór Sigurðsson, Halldór Sigurkarlsson og Ingvar Þór Jóhannsson.

Fundarstjóri bar því næst upp tillögur um fulltrúa í nefndir félagsins hverja fyrir sig og voru þær allar samþykktar með lófataki.

Skoðunarmenn reikninga:

Aðalmenn:

Þorvaldur Jónsson

Jón J. Haraldsson

Varaskoðunarmenn:

Helga Björk Þorsteinsdóttir

Kristján Gíslason

Æskulýðsnefnd:

Brynja Gná Heiðarsdóttir formaður

Gyða Helgadóttir

Valgerður Björnsdóttir

Rósa Björk Jónsdóttir

Kristján Jóhannes Pétursson

Móta – og firmanefnd

Iðunn Silja Svansdóttir formaður

Halldór Sigurkarlsson

Linda Rún Pétursdóttir

Halldór Sigurðsson

Ísólfur Ólafsson

Reiðveganefnd:

Guðlaugur Antonsson – formaður

Davíð Sigurðsson

Sigurjón Svavarsson

Halldór Sigurðsson

Reynir Magnússon

Umhverfisnefnd:

Guðmundur Skúli Halldórsson –
formaður

Steinunn Árnadóttir

Valdimar Reynisson

Vallarnefnd:

Helgi Gissurarson – formaður

Ingvar Þór Jóhannsson

Baldur Björnsson

Sigurður Oddsson

Húsnefnd félagsheimilis:

Marteinn Valdimarsson – formaður

Kristján Jóhannes Pétursson

Kristján Gíslason

Árni Guðjónsson

Skemmtinefnd:

Heiða Dís Fjeldsted

Þórdís Fjeldsted

Þórður Sigurðsson - formaður

Ferðanefnd:

Kolbeinn Magnússon– formaður

Halldóra Jónasdóttir

Sigríður Arnardóttir

Jón Eyjólfsson

Beitarnefnd:

Ólafur Þorgeirsson – formaður

Sævar Þórisson

Sigurður Örn Sigurðsson

Fræðslunefnd:

Baldur Pétursson – formaður

Vibeka Thoresen

Elísabet Halldórsdóttir

Uppstillingarnefnd:

Formaður Bryndís Brynjólfssdóttir

Jóhannes Jóhannesson

Þorsteinn Eyþórsson

Allar tillögur voru samþykktar með lófataki.

9. Ákvörðun um félags – og hagagjöld

Svohljóðandi tillaga um félagsgjald er borin upp af formanni.

„Árgjöld Borgfirðings fyrir starfsárið 2021 verði:

Fullorðnir, 18 – 70 ára Kr. 8.000,- á mann

Börn og unglingar 17 ára og yngri gjaldfrjáls

Félagsmenn 70 ára og eldri eru gjaldfríir frá árslokum þess árs sem þeir ná þeim aldri.

Heiðursfélagar eru gjaldfríir frá þeim tíma sem þeir eru kjörnir.“

Fundarstjóri gaf orðið laust um tillöguna.

Guðmundur Skúli hvatti til þess að félagsmenn gætu notað frístundastyrk til greiðslu námsskeiðsgjalda. Kristján Gíslason fór yfir það hvernig þessu er háttað.

Tillagan er samþykkt með öllum greiddum atkvæðum gegn einu.

Tillaga um hagagjald borin fram af formanni.

„Aðalfundur Borgfirðings haldinn 17. Mars 2021 samþykkir að hagagjöld fyrir starfsárið 2021 verði:

Sumarheit kr. 3.500,- fyrir hestinn

Haustheit kr. 3.000,- fyrir hestinn

Heilsársheit kr. 6.000,- fyrir hestinn

Skammtímabeit í hesthúsahverfinu kr. 2.000,- fyrir hvert tveggja vikna tímabil.

(Miðað verði við 100-200m² svæði og sótt verði um notkun fyrir hvert tímabil.)“

Fundarstjóri gaf orðið laust um tillöguna. Enginn kvaddi sér hljóðs og var tillagan samþykkt samhljóða.

10. Fjárhagsáætlun 20 – 21.

Kristján Gíslason kynnti fjárhagsáætlun félagsins.

11. Önnur mál

Ólafur Flosason tók til máls og þakkaði traust sem honum er sýnt með endurkjöri í starf formanns. Færði hann síðan Kristjáni Gíslasyni blómvönd fyrir farsælt starf í stjórn félagsins undanfarin ár og þakkaði honum fyrir störf í þágu félagsins á liðnum árum. Kristján þakkaði góð orð í sinn garð.

Guðrún Fjeldsteð ræddi um málefni barna – og ungmenna t.d. hvort hægt væri að leigja hesthús til nota fyrir æskulýðsstarf. Eins ræddi hún um Horses of Iceland og hvernig þeim kosnaði væri varið.

Steinunn Árnadóttir þakkaði fyrir fundinn og spurði um reiðvegi og viðhald á þeim. Guðlaugur Antonsson fór yfir þau atriði. Fer það nokkuð eftir því fjármagni sem til ráðstöfunar eru. Halldór Sigurðsson spurði um hvort félagið fengi endurgreitt ef það léti gera við reiðvegi. Það er ekki í hendi. Þorsteinn Eyþórsson þakkaði góðan fund og sagði frá því að hann hefði aldrei verið kallaður til fundar í uppstillingarnefnd. Umræður um kostnað við viðhald reiðvega – Guðlaugur Antonsson, Haukur Bjarnason og Marteinn Valdimarsson tóku til máls.

Formaður þakkaði fundarmönnum fundarsetuna og sleit síðan fundi kl. 22:10.

Kristján Gíslason fundarritari